



2. maí 2002

Jákvæð staða efnahagsmála

Óhætt er að segja að jákvæðar fréttir hafi einkennt efnahagssumræðuna að undanfögnu. Hæst ber þróun verðlags- og gengismála. Verulega hefur dregið úr verðbólgu á síðustu mánuðum eins og sést best á því að ársþróað verðbólgunnar er kominn niður fyrir 4% miðað við verðbreytingar síðustu sex mánaða, en skammt er síðan verðbólguhraðinn á þennan mælikvarða var í 11-12%. Lætur nærri að verðbólgan hafi lækkað sem nemur 1% á mánuði eða meira síðustu mánuðina. Mikilvæg skýring á þessari þróun er styrking gengisins sem nú þegar hefur skilað sér í lægra vöruverði. Sú þróun mun vafalaust halda áfram að öllu óbreyttu. Jafnframt hafa ákvarðanir af hálfu ríkisstjórnarinnar um að halda aftur af gjaldskrárhækkunum skilað sér í lægri verðbólgu. Eins og nú horfir bendir allt til þess að verðlagsmarkmið kjarasamninganna í maí muni halda. Það er mikilvægt framlag til aukins stöðugleika í efnahagsmálum á næstu mánuðum og misserum.

Áframhaldandi bati á vöruskiptajöfnuði er annað merki um jákvæða þróun efnahagsmála. Nýjustu tölur frá Hagstofunni staðfesta þau miklu umskipti sem orðið hafa á þessu sviði á aðeins einu ári. Þannig var 5,6 milljarða króna afgangur á vöruskiptajöfnuði fyrstu þrjú mánuði ársins samanborið við 8,2 milljarða halla á sama tíma í fyrra miðað við sama gengi, þ.e. viðsnúningur upp á tæplega 14 milljarða króna. Tölurnar sýna jafnframt að áfram dregur úr innflutningi, bæði neyslútgjöld heimilanna og fjárfestingarútgjöld fyrirtækja. Sérstaka athygli vekur að ekkert lát virðist vera á samdrætti í bílannflutningi sem nemur rösklega þriðjungu frá sama tíma í fyrra, en þetta er þriðja árið í röð sem bílannflutningur dregst saman.

Nýbirtar tölur um stöðuna á vinnumarkaði staðfesta að verulega hefur dregið úr þeirri spennu sem þar ríkti. Þrátt fyrir það er atvinnuleysi hér á landi enn með því lægsta sem þekktist meðal vestrænna landa, eða í kringum 2½%, samanborið við 7½% í aðildarríkjum Evrópusambandsins, 5½% á hinum Norðurlöndunum og 5½% í Bandaríkjunum.

Bráðabirgðatölur um innheimtu virðisaukaskatts í apríl benda reyndar til nokkurrar aukningar í innflutningi frá fyrra ári, en innflutningur síðustu þriggja mánaða, án skipa og flugvéla, dregst engu að síður saman um 10% miðað við fast gengi.

Í ljósi þessa er nýleg ákvörðun Seðlabankans um vaxtalækkun fullkomlega eðlileg og, ef fram heldur sem horfir, sýnist mega gera ráð fyrir frekari vaxtalækkunum á næstunni.

Frumvarp um olúgjald og kílómetragjald

Fjármálaráðherra lagði nú í vikunni fram til kynningar á Alþingi frumvarp um olúgjald og kílómetragjald sem ætlað er að koma í stað þungaskatts. Samhliða því er lagt fram frumvarp um hækkun sérstaka bensín gjaldsins og samsvarandi lækkun á almenna bensín gjaldinu. Miðar sú tillaga að því að tryggja óbreyttar tekjur af mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar.

Með olúgjaldi yrði gjaldtaka af díselbifreiðum og bensínbifreiðum samræmd þar sem gjaldtakan breytist frá því að vera gjald á ekna kílómetra yfir í gjald á notað eldsneytis magn. Gert er ráð fyrir að olúgjaldið verði í meginatriðum lagt á sömu aðila og þungaskatturinn. Lagt er til að gjaldfrjáls olía verði bætt litar- og/eda merkiefnum. Í fyrrnefnda frumvarpinu er jafnframt gert ráð fyrir sérstöku stighækkandi kílómetragjaldi á ökutækjum sem eru yfir 10 tonn að leyfðri heildarþyngd að undanskildum bifreiðum sem ætlaðar eru til fólksflutninga. Með því tekur gjaldtakan mið af þeim kostnaði sem hlýst af sliti þyngstu bifreiðanna á vegakerfinu.

Með frumvarpinu um olúgjald og kílómetragjald er m.a. stefnt að því að beina kaupum og notkun að nýrri, spameytnari og umhverfisvænni

ökutækjum. Auk þess yrði með breytingunni komið upp kerfi sem væri mun auðveldara í framkvæmd en núverandi þungaskattkerfi sem hefur sætt vaxandi gagnrýni á undanfögnu árum.

Fjármálaráðuneytið mun á næstunni senda hagsmunaaðilum frumvarpin til umsagnar. Aðrir aðilar sem láta sig málið varða eru jafnframt hvattir til að kynna sér frumvarpin og koma athugasemdom sínum á framfæri við fjármálaráðuneytið. Frumvarpin má nálgast á heimasíðu Alþingis (frumvarp um [olúgjald](#) og [kílómetragjald](#) og frumvarp um [vörugjald af ökutækjum](#)).

Málstofa ESB um lífeyrismál

Nýlega var haldinn fimmti fundur í málstofu framkvæmdastjórnar ESB um lífeyrismál „Pension Forum“ þar sem Ísland hefur áheymaraðild. Megináherslan að þessu sinni var lögð á flutning lífeyrisréttinda milli aðildarríkja ESB og frumvarp að tilskipun ESB um starfstengda lífeyrissjóði (Occupational pension funds).

Í umræðum um **tilskipun um starfstengda lífeyrissjóði** var lögð áhersla á mikilvægi þess að setja reglur um aðra stöð lífeyriskerfisins en hún er eini þáttur fjármálakerfisins sem fellur ekki undir samevrópskar reglur með sama hætti og bankar, verðbréfafyrirtæki og tryggingafélög. Áætlað er að um fjórðungur íbúa ESB eigi lífeyrissparnað í starfstengdum lífeyrissjóðum, samtals um 200 milljarða €. Samevrópskar reglur á þessu sviði eru taldar ein af forsendum aukins hreyfanleika vinnuafns innan Evrópu. Við skipan þessara mála skipti hins vegar máli að skerða ekki forræði aðildarríkja á sviði félags- og vinnuréttar, sem og skattamála. Þau drög að tilskipun sem nú liggja fyrir snúa fyrst og fremst að eftirliti með starfsemi lífeyrissjóða og hefðu það markmið að styðja sameiginlegan fjármálamarkað. Í tilskipuninni er lögð áhersla á „prudent manner approach“ en ekki er hefð fyrir þeirri viðmiðun í sumum aðildarríkja ESB. Enn er ekki ljóst hvort eða hvenær tilskipunin verður samþykkt en Spánn, sem fer nú með formennsku í ráðherraáði ESB, leggur áherslu á að ná sem bestri samstöðu aðildarríkja og frumvarpið áður en það verður samþykkt. Fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB taldi það nokkuð mikla bjartsýni að tilskipunin tæki gildi fyrir árslok þó vert væri að stefna að því.

Á vettvangi málstofunnar hefur verið rætt um með hvaða hætti sé unnt að **greiða fyrir flutningi áunnina lífeyrisréttinda í starfstengdum lífeyrissjóðum á milli landa** en um það gilda nú engar reglur í Evrópurétti. Flutningur lífeyrisréttinda er veruleg hindrun fyrir hreyfanleika vinnuafns innan innri markaðar ESB. Skiptar skoðanir voru um hvaða leiðir væru færar. M.a. hefur verið bent á að málið geti verið æði torleyst þar sem einstakir lífeyrissjóðir innan ESB eru svo ólíkir. Einnig hefur verið nokkur umræða um það hver ætti að bera kostnaðinn við flutning réttinda, þ.e. gamli eða nýi lífeyrissjóðurinn, nýi eða fyrri vinnuveitandinn eða launamaðurinn sjálfur. Þá kunna að vera viss vandkvæði á að flytja réttindi sem eru ekki að fullu sjóðmynduð. Niðurstaða sérfræðihóps innan málstofunnar er að mikilvægt sé að setja reglur sem gera flutning réttinda mögulegan. Vandasamt geti hins vegar verið að meta réttindin vegna þess að þau eru ekki einstaklingsbundin (þ.e. byggja á samtryggingu). Þá skipti líka máli við hvaða vexti eigi að miða þegar réttindi eru reiknuð út og flutt í annan sjóð. Þá var það skoðun hópsins að flutningur ætti ekki að vera skylda, heldur að einstaklingar ættu að geta valið um að geyma áunninn réttindi hjá sjóðunum og vera áfram aðilar að þeim. Einnig var talið brynt að afnema skattahindranir við flutning lífeyrisréttinda. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að sjóðfélagar tækju ákvörðun um flutning á sem traustustum forsendum, og að þeim væru tryggðar fullnægjandi upplýsingar til þess.

Tekjur ríkissjóðs janúar-mars		
12 mánaða breytingar, %	2000-2001	2001-2002
Skatttekjur alls	8,8	2,9
Tekjuskattar	19,7	8,3
Tryggingagjöld	6,9	11,7
Eignarskattar	20,7	-17,5
Veltuskattar	0,5	-0,9
Tekjur alls	8,7	2,7

Gjöld ríkissjóðs janúar-mars		
12 mánaða breytingar, %	2000-2001	2001-2002
Almenn mál	-1,8	22,1
Félagsmál	20,7	13,1
Atvinnumál	30,8	-4,0
Vaxtagjöld	37,8	-51,7
Önnur útgjöld	40,8	9,2
Gjöld alls	22,7	0,8

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-mars		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-1548	-522
Hr. lánsfjárfjöldur	-3751	66
Alborganir lána	-6400	-10753
Br. lánsfjárfjöldur	-13902	-12938
Lántökur	13113	15634
Greiddsluafkoma	-789	2696

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %		
Verðbólga- apríl 2001/02	4,5	7,5
Kjarnaverðb.- apríl 2001/02	4,1	9,3
Launavísitala- mars 2001/02	9,2	8,7
Heildarvelta jan-des 00/01	8,4	12,7
Smás.velta jan-des 00/01	1,7	6,2
Atvinnuleysi - mars 2001/02	1,5	2,7